

Frá: **Helga Melsteð** <[noreply@mentor.is](mailto:noreply@mentor.is)>

Date: mán., 19. des. 2022 kl. 15:35

Subject: Heildarúttekt á húsnæði Flataskóla - upplýsingasíða á vef Garðabæjar

To:

Til að svara þessum pósti [Smelltu hér.](#)

( Ef hlekkurinn opnast ekki skaltu senda svar á netfang sendanda: [helgame@flataskoli.is](mailto:helgame@flataskoli.is) )

Sent á: Flataskóli, Aðstandendur

Ágætu forráðamenn,

Eins og fram hefur komið greindist mygla í Flataskóla úr sýnum sem voru tekin í október. Rými frístundaheimilisins Krakkakots í Flataskóla hefur verið lokað og starfsemi Krakkakots færð innan skólans. Tveimur kennslustofum sem Tónlistarskóli Garðabæjar hefur haft til afnota verið lokað og kennsla færð innan skólans.

Til að gæta að fullu öryggi nemenda og starfsfólks mun verkfræðistofan Mannvit ráðast í heildarúttekt á húsnæði Flataskóla 22. desember 2022.

Öll rými húsnæðisins verða ítarlega skoðuð til að meta hvort rakavandamál séu til staðar og sýni tekin þar sem þörf er talin á út frá niðurstöðum rakamælinga og ábendinga. Einnig verður farið í nánari skoðun og sýnatöku þar sem vísbendingar um gró greindist í ryksýnum og efnissýni tekin þar sem áður hafði greinst örveruvöxtur til meta umfang mengunar.

Upplýsingasíða á vef Garðabæjar

Á vef Garðabæjar er búið að setja upp upplýsingasíðu vegna aðgerða vegna myglu í Flataskóla. Þar verða reglulega settar inn upplýsingar um stöðu mála hverju sinni. Á upplýsingasíðunni má nálgast glærur frá fundi með foreldrum 8. desember sl. og greinargerð verkfræðistofunnar Mannvits um niðurstöður úr sýnatökum.

<https://www.gardabaer.is/umhverfi/byggingarmal-og-framkvaemdir/framkvaemdir/flataskoli-endurbætur>

Forráðamenn verða áfram upplýstir um stöðu mála í t-pósti en einnig er velkomið að hafa samband ef spurningar vakna er varða skólahald eða aðgerðir sem verður farið í á skólahúsnæðinu.

Upplýsingar veita:

Edda Gíslrún Kjartansdóttir, aðstoðarskólastjóri Flataskóla, [eddakj@flataskolis.is](mailto:eddakj@flataskolis.is)

Edda Björg Sigurðardóttir, deildarstjóri grunn- og tónlistarskóla, [eddabsig@gardabaer.is](mailto:eddabsig@gardabaer.is)

Guðbjörg Brá Gísladóttir, sviðsstjóri umhverfissviðs, [gudbjorgbra@gardabaer.is](mailto:gudbjorgbra@gardabaer.is)

Helga Melsteð  
Flataskóli  
sent úr Mentor.is